


Elías Mar



Elías um tveggja ára.



Elísabet Jónína Benediktsdóttir, móðir Elíasar.



Cæsar Mar, faðir Elíasar.



Guðrún Jónsdóttir, amma Elíasar.

Elías Mar (1924 –2007) var rithöfundur, ljóðskáld og þýðandi og starfaði einnig lengi sem prófarkalesari á Þjóðviljanum. Hann var skírður Guðmann Elías og voru foreldrar hans Elísabet Jónína Benediktsdóttir verkakona og Cæsar Hallbjörnsson Mar kaupmaður. Faðir Elíasar var upphaflega skírður Sesar en eftir að hafa verið lengi sjómaður í millilandasiglingum tók hann sér nafnið Cæsar Mar, þar sem honum þótti Hallbjörnsson óþjálmt nafn. Cæsar Mar skrifaði nokkrar bækur á efri árum, bæði endurminningar og skáldsögur. Elías Mar var fæddur og upp-alinn í Reykjavík, en móðir hans lést úr bráðaberklum þegar hann var á öðru ári. Elías ólst því upp hjá ömmu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur, en faðir hans sá fyrir honum. Elías var hætt kominn vegna kíghósta á fyrsta ári. Hann fór ungur að læra á orgel hjá Þórði Sigtryggssyni og þótti efnilegur. Níu eða tíu ára fór hann að sækja Landsbókasafnið en byrjaði ekki skólagöngu sína í Austurbæjarskóla fyrr en tíu ára að aldri.

Elías Mar var afkastamikill sem rithöfundur í upphafi ferils síns. Sína fyrstu skáldsögu, *Eftir ör-stuttan leik*, gaf hann út árið 1946, aðeins 22 ára að aldri. Þremur árum síðar kom frá hans hendi önnur skáldsaga, *Man ég þig löngum*, en þar er talið að fyrst komi fram samkynhneigð hjá sögu-persónum í íslenskri skáldsögu. Það er þó fyrst með *Vögguvísu* árið 1950 að Elías slær í gegn.

Á myndinni í bakgrunni sést æskuheimili Elíasar, Hafnarstræti 8 árið 1925 þegar hann bjó þar á fyrsta og öðru ári ævinnar með ömmu sinni. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson /Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Vögguvísa



Elías ásamt Kristni E. Andrésyni á leið til Finnlands 1947.



Elías ásamt Guðbergi Bergssyni á sjötta áratugnum.

Elías skrifaði *Vögguvísu* sumarið 1949, þá 25 ára gamall. *Vögguvísa* hefur þá sérstöðu að vera samtímasaga um unglina í Reykjavík eftirstríðsáranna og þar er ekki sú togstreita á milli sveitar og borgar sem var svo algeng í skáldskap þess tíma. Annað sem einkennir *Vögguvísu* er að hún fjallar um rótlausa unglina og notkun á slangurorðum er áberandi, en Elías rannsakaði tungutak reykviskra unglina. Sagan hefst á innbroti aðfaranótt fimmtudags og henni lýkur á sunnudagskvöldi þegar sögupersónan Bambínó, fjórtán ára borgarbarn sem dregur nafn sitt af dægurlagi, liggur fyrir utan Sjálfstæðishúsið á Austurvelli. Sögur Elíasar hafa verið þýddar á eistnesku, esperanto, færeysku og norsku og kom *Vögguvísa* út á þýsku 1958. Handrit *Vögguvísu* var afhent Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni ásamt öðrum handritum og gögnum Elíasar eftir lát hans 2007.